

JÓN BRAGI PÁLSSON

„að draga úr fjarlægðinni sem skilur okkur frá veröldinni“

Plágan og meðvitaður dauði Albert Camus¹

Skáldsaga Albert Camus, *La Peste* (*Plágan*) sem kom út árið 1947 er samtímasaga sem segir frá samfélagi þar sem drepsótt brýst út. Sagan á sér stað í alsírsku borginni Oran og hverfist um lækinn Rieux og samstarfsmenn hans sem berjast með öllum tiltækum ráðum gegn plágunni. Drepsóttin sækir þó sífellt í sig veðrið og verður þúsundum að bana áður en yfir lýkur. Sú staðreynd að bókin kom út skömmu eftir lok síðari heimsstyrjaldarinnar hefur orðið til þess að hún hefur gjarnan verið túlkuð sem myndlíking fyrir frönsku andspyrnuna gegn nasistum í styrjöldinni. Rieux og samverkamenn hans tákna þá andspyrnuhreyfinguna sem berst fyrir frelsi en plágan nasistana. Þessi myndlíking er nokkuð gagnsæ og því liggur beint við að túlka bókina með þessum hætti.² Sökum þess var sú gagnrýni sem bókin hlaut eftir

¹ Greinin byggir á meistararitgerð minni í heimspeki „Að skapa meðvitaðan dauða“. Heimspeki Alberts Camus um dauðann og endalok samfélagsgerðarinnar“ frá árinu 2017 sem unnin var undir leiðsögn Björns Þorsteinssonar, prófessors í heimspeki við Háskóla Íslands.

² Í umfjöllun sinni um túlkun bókarinnar bendir John Foley á að nasistar hafi verið kallaðir *brúna plágan* (fr. *la peste brune*) í Frakklandi sem gerir tengslin milli nasista og plágunnar greinileg. John Foley, *Albert Camus. From the Absurd to Revolt*, London og New York: Routledge, 2008, bls. 50. Jennifer Stafford Brown sýnir einnig fram á margar samsvaranir á milli lífs og skrifa Camus meðan á stríðinu stóð við sögu *Plágunnar* í grein sinni „Prison, Plague and Piety. Medieval Dystopia in Albert Camus's *The Plague*“ og að það séu ýmis greinileg tengsl á milli sögunnar og atburða seinni heimstyrjaldarinnar. Jennifer Stafford Brown, „Prison, Plague and Piety, Medieval Dystopia in Albert Camus's *The Plague*“, *The Originality and Complexity of Albert Camus's Writings*, ritstjóri Emmanuelle Anne Vanborre, New York: Palgrave Macmillan, 2012, bls. 95–109.



að hún kom út, jafnan byggð á grundvelli þessarar túlkunar. Árið 1955 gagnrýndi bókmenntafræðingurinn Roland Barthes til að mynda bókina með vísun í þessa myndlíkingu og sagði Camus gera lítið úr þeim siðferðislegu spurningum sem fólk stóð frammi fyrir í stríðinu, með því að skipta mönnum af holdi og blóði út fyrir andlitslausa plágu.³ Camus svaraði Barthes og tók undir að stríðsmyndlíkingin væri augljóst þema bókarinnar en bætti því við að hann hefði viljað að bókina væri lesin með tilliti til þess marglaga boðskapar sem hún hefði að geyma.⁴

Til þess að ná utan um inntak bókarinnar og þann boðskap sem Camus leggur á borð fyrir lesandann tel ég mikilvægt að lesa hana í gegnum heimspekikenningar hans um dauðann. Hugleiðingar hans um þau efni setja mark sitt á nánast öll skrif hans hvort sem um er að ræða skáldsögur, leikrit, heimspekirit eða styttri ritgerðir um heimspeki og samfélagsmál. Ég tel að með því að horfa á skrifin sem eina heild megi draga fram heildstæða kenningu um dauðann og baráttu einstaklinga jafnt sem samfélaga við endalok sín. Hér á eftir mun ég gera grein fyrir þessari kenningu með því að setja dauðann fram sem miðlægt hugtak í heimspeki Camus og því næst lýsa því hvernig kenningin tekur á sig mynd í skáldsögunni *Plágan* og hvernig sagan varpar ljósi á þætti sem eru mikilvægir til að útskýra heimspeki Camus.⁵

³ Fleiri gagnrýndu bókina með svipuðum hætti og Barthes, til að mynda Simone de Beauvoir og Jean-Paul Sartre þar sem þau töldu Camus afmá sögulegt samhengi nasismans og ábyrgð einstaklinga á voðaverkum hans með því að setja hann fram sem náttúrulegt fyrirbæri án nokkurra sýnilegra gerenda. John Foley, *Albert Camus*, bls. 50–51.

⁴ Albert Camus, „Letter to Roland Barthes on The Plague“, *Albert Camus. Lyrical and Critical Essays*, ensk þýðing Ellen Conroy Kennedy, ritstjóri Philip Thody, New York: Vintage Books, 1970, bls. 338–341, hér bls. 339.

⁵ Fræðimennirnir David Sherman og John Foley hafa leitast við að túlka bókina í gegnum hugmyndir Camus um „fjarstæðuna“ og baráttu mannsins við hana. Foley bendir til að mynda á hvernig Camus setur fram hugmyndir sínar um uppreisn og samstöðu í þeirri baráttu í gegnum skáldsöguna. David Sherman, *Camus*, Chichester: John Wiley & Sons, 2009, bls. 106–135 og John Foley, *Albert Camus*, bls. 50–51. Í túlkun minni á sögunni hér á eftir lýsi ég einnig hvernig fjarstæðan er lykilhugtak í heimspeki Camus og ég greini *Pláguna* í ljósi hennar en þó með hugmyndir hans um dauðann sem miðpunkt túlkunarinnar fremur en fjarstæðuna. Ég greini fyrst og fremst kenningar Camus í gegnum skrif hans sjálfs til þess að draga saman og varpa ljósi á heildarkenningu hans. Þannig sýni ég hvernig hugmyndir mismunandi verka Camus kallast á.

Heimspeki Camus um dauðann

Í ritgerðinni „Vindurinn í Djémila“ frá árinu 1936 slær Camus fram eftirfarandi fullyrðingu:

[M]ér er ljóst að einu sönnu framfarir siðmenningarinnar, framfarir sem einstaka maður helgar sig af og til, felast í því að skapa meðvitaðan dauða.⁶

Í þessari stuttu setningu setur Camus fram eins konar markmið heimspeki sinnar: „að skapa meðvitaðan dauða“ en stuttu síðar í ritgerðinni segir hann að í því felist „að draga úr fjarlægðinni sem skilur okkur frá veröldinni“.⁷ Þetta markmið setur mark sitt á skrif hans og þróast næstu áratugina en sjálfa kenninguna útlistar hann með hvað skýrustum hætti í helstu heimspeskiritum sínum, *Le Mythe de Sisyphe (Goðsögninni um Sisýfos)* og *L'Homme révolté (Uppreisnarmanninum)*.

Goðsögnin um Sisýfos kom út árið 1942. Þar leitast Camus við að leysa það sem hann kallar hið eina „virkilega erfiða heimspeskilega vandamál“;⁸ *sjálfsmorðið* og samspil þess við *fjarstæðuna* (fr. *l'absurde*).⁹ Í síðari bókinni, *Uppreisnarmaðurinn*, sem kom út 9 árum síðar, fæst hann við *morðið* og tengsl þess við *uppreisnina* og kveðst vera að fylgja eftir „þeim þræði hugsunar sem hófst með sjálfsmorðinu og hugmyndinni um fjarstæðuna“.¹⁰ *Uppreisnarmaðurinn* er því eins konar framhald af þeirri kenningu sem Camus setur fram í *Goðsögninni um Sisýfos*.

Bæði þessi rit hverfast um stöðu mannsins gagnvart dauðanum. Í því fyrra er dauðinn persónulegt vandamál, þar er spurt hvernig og hvers vegna einstaklingurinn ætti að halda áfram að lifa í heimi sem virðist fjarstæðukenndur og tilgangslaus þegar dauðinn verður honum ljós. Í því seinna er dauðinn hins vegar orðinn samfélagsleg stærð sem varðar mannlegt samfélag í heild fremur en einstaklinga. Kenning Camus er þar stjórn málaheimspeki-

⁶ Albert Camus, „Vindurinn í Djémila“, *Rangan og réttan – Brúðkaup – Sumar. Þrjú ritgerðarsöfn*, íslensk þýðing Ásdís R. Magnúsdóttir, Reykjavík: Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum, 2014, bls. 92–99, hér bls. 97.

⁷ Sama rit, bls. 98.

⁸ Albert Camus, *The Myth of Sisyphus and Other Essays*, ensk þýðing Justin O'Brien, New York: Vintage International, 1991, bls. 3.

⁹ Sama rit, bls. 6.

¹⁰ Albert Camus, *The Rebel. An Essay on Man in Revolt*, ensk þýðing Anthony Bower, New York: Vintage International, 1991, bls. 5.

legs eðlis, eða „tilraun til að skilja þá tíma sem við lifum“¹¹ í stjórn mála- og samfélagslegu samhengi. Í raun mætti segja að um sé að ræða útvíkkun kenningarinnar sem sett er fram í *Goðsögninni um Sisyfos* um einstaklinginn, yfir á samfélagið í *Uppreisnarmanninum*. Mitt á milli þessara tveggja bóka, árið 1947, sendi Camus frá sér skáldsöguna *Pláguna*. Sagan sem sögð er í þeirri bók endurspeglar það samfélagslega samhengi sem kenningin í *Uppreisnarmanninum* hverfist um en jafnframt má greina hina einstaklingsmiðuðu nálgun sem sett er fram í *Goðsögninni um Sisyfos* í gegnum persónusköpun skáldsögunnar. Í sögunni eru allir fjórir þættir kenningarinnar undir: *sjálfsmorðið*, *fjarstæðan*, *morðið* og *uppreisnin*. Þrátt fyrir að vera skáldsaga en ekki eiginlegt heimspekirit er sagan því eins konar milliskref í kenningu Camus þar sem hið einstaklingsbundna vandamál færast yfir á það samfélagslega.

Sjálfsmorðið og fjarstæðan, dauðinn í Goðsögninni um Sisyfos
Goðsögnin um Sisyfos er fyrsta heildstæða verk Camus um dauðann. Þar fæst hann við vandann sem skapast þegar fjarstæða lífsins rennur upp fyrir einstaklingnum. Ljóst verður að dauðinn er hin eiginlegu endalok, „að þrátt fyrir allt [...] bindur hann endi á allt“,¹² og með þessari vitneskju hverfur tilgangur lífsins. Þegar svo er komið verður erfitt að svara þeirri spurningu hvort lífið sé þess virði að lifa því. Ef allt lífið er fjarstæðukennt og endanlegt, hvers vegna ættum við þá að lifa?

Við þessu vandamáli fjarstæðunnar virðast aðeins vera tvær lausnir, annars vegar sjálfsmorðið, að binda endi á fjarstæðuna fyrir fullt og allt, og hins vegar að finna tilgang í hugmyndum sem eru eilífar og berjast fyrir framgangi þeirra til að yfirstíga sinn eigin endanleika. Camus hafnar báðum þessum leiðum. Þær leiða til höfnunar á lífinu, sú fyrri af augljósum ástæðum, en sú seinni kallar fram þverstæðukennda lausn sem veldur því að menn verða tilbúnir að deyja fyrir þær hugmyndir sem halda þeim á lífi.¹³ Þar með hafa þeir í raun neitað lífinu í nafni eilífra hugmynda sem eru óháðar þeim sjálfum. Camus vill finna leið til að lifa með fjarstæðunni, eða að „*lifa án skírskotana*“.¹⁴ Það er eina leiðin til að sigrast í raun á dauðanum.

¹¹ Sama rit, bls. 3.

¹² Albert Camus, *The Myth of Sisyphus and Other Essays*, bls. 89.

¹³ Sama rit, bls. 4.

¹⁴ Sama rit, bls. 53.

Fjarstæðan

Til þess að ná utan um kenningu Camus um dauðann er mikilvægt að kanna grundvallarhugtak hennar, *fjarstæðuna*. Fjarstæðan er tilvistarleg tilfinning, einhvers konar uppgötvun eða upplifun sem einstaklingurinn finnur til þegar hans eigin dauðleiki rennur upp fyrir honum. Í byrjun *Godsagnarinnar um Sisyfos* greinir Camus frá fjarstæðunni á eftirfarandi hátt:

[...] sá dagur kemur að maður uppgötvar eða segir að hann sé þrítugur. Þannig staðfestir hann æsku sína. En samtímis staðsetur hann sjálfan sig með tilliti til tímans. Hann tekur sér stöðu innan hans. Hann viðurkennir að hann standi á ákveðnum punkti í ferli og uppgötvar að hann þarf að ferðast til enda þess. Og vegna þessarar skelfingar sem heltekur hann, uppgötvar hann sinn versta óvin. Morgundagurinn, hann þráði morgundaginn, þrátt fyrir að hann ætti að hafna honum. Þessi uppreisn holdsins er fjarstæðan.¹⁵

Fjarstæðan er því einhvers konar skelfileg uppgötvun á dauðleikanum, einhvers konar óttablandin tilfinning sem jafnframt felur í sér meðvitund um endalokin. Frá þessu augnabliki hverfur öll merking sem maðurinn hefur lagt í veröldina. Heimurinn birtist honum eins og hann er, framandi og óbifanlegur. Hinn hrái efnislegi veruleiki ryður sér til rúms andspænis ímynduðum veruleika allrar mannlegrar tilvistar.¹⁶ Eina staðreyndin um lífið verður dauðinn. Þetta er hinn kaldranalegi tómleiki sem fangar manninn andspænis dauðanum. Tómleikinn virðist óbærilegur og einu lausnirnar virðast vera höfnun tómsins, annað hvort með *uppgjöf* (sjálfsmörðinu) eða *afneitun* sem felst í því að verja sig gegn fjarstæðunni og endanleikanum með trú á óhagganlegar tilbúnar hugmyndir sem hafnar eru yfir hinn mannlega dauðleika. Þessa afneitun tengir Camus við *vonina*, það er þá afstöðu að lifa ekki fyrir lífið sjálft heldur halda í von um einhvers konar algilda hugmynd sem fyllir lífið tilgangi.¹⁷

Þótt fjarstæðan virðist í grunninn vera neikvæð þá er hún í raun og veru upphaf meðvitundarinnar. Fjarstæðan er „ófullnægja sem kemur fram eftir athafnir vélræns lífs, en á sama tíma markar hún upphafið á viðbrögðum meðvitundarinnar.“¹⁸ Þrátt fyrir að þessi ófullnægja virðist óbærileg og veki

¹⁵ Sama rit, bls. 13–14.

¹⁶ Sama rit, bls. 14–16.

¹⁷ Sama rit, bls. 8.

¹⁸ Sama rit, bls. 13.

óhug þá er hún í sjálfu sér jákvæð vegna þess að hún vekur mann til meðvitundar. En samkvæmt Camus „hefst allt með meðvitund og ekkert hefur gildi sem fer ekki í gegnum hana“.¹⁹ Meðvitundin er ekki niðurstaða rökhugsunar eða vísindaleg niðurstaða eftir athugun, heldur það að veita veruleikanum athygli. Með þessum hætti má „vekja sofandi heim og gera hann skýran fyrir huganum“.²⁰ Meðvitundin sem fjarstæðan vekur er þar með eins konar innrás sem hefst þegar athyglinni er beint að raunveruleikanum, fremur en meðvitaður sannleikur vegna könnunar á raunveruleikanum.²¹

Neikvæðar afleiðingar fjarstæðunnar

Fjarstæðan sem kveikja hinnar jákvæðu meðvitundar er engu að síður í senn kveikjan að hinni neikvæðu afstöðu gagnvart dauðanum, það er uppgjöfinni og afneituninni, sjálfsmorðinu og voninni. Lykillinn er að lifa með fjarstæðunni. Uppgjöfina tengir Camus við níhilisma eða tómhyggju. Þetta er sú skoðun að allt sé algjörlega merkingarlaust, veröldin sé aðeins kaldur efnisveruleiki, án nokkurs konar mannlegs veruleika. Öll siðleg gildi eru tóm og allt er leyfilegt. Camus telur að þessi afstaða hafi þá röklegu niðurstöðu að virði lífsins hverfi, og því leiði það til sjálfsmorðsins.

Í grein sinni „Hugleiðing um listina, trúna og lífsháskann“ sem birtist í *Pælingum* 1987 greinir Páll Skúlason frá þessari afleiðingu fjarstæðunnar. Páll segir að níhilisminn sé tvenns konar, meðvitaður og ómeðvitaður. Hinn meðvitaði níhilismi, það er viðurkenning á tómleika tilverunnar, leiðir til sjálfsmorðsins, en hinn ómeðvitaði níhilismi leiðir til sjálfsblekkingar. Páll útskýrir hinn ómeðvitaða níhilisma sem svo að fólk reyni í sífellu að fela fyrir sér þennan níhilisma með því að „þykjast trúa á hin eða þessi verðmæti sem í raun hafa glatað gildi sínu fyrir það, eru ekki lengur á neinn hátt lifandi í lífi fólks“.²² Samkvæmt túlkun Páls er svarið við þessum tveimur afbrigðum

¹⁹ Sama rit, bls. 13.

²⁰ Sama rit, bls. 44.

²¹ Camus nálgast því meðvitundina á fyrirbærafræðilegan og tilvistarspekilegan hátt, það er meðvitundin vaknar vegna raunverulegar upplifunar mannsins á tilvist sinni í gegnum hans eigin reynslu. David Sherman nefnir þetta tilvistar-fyrirbærafræði (e. *existential phenomenology*) Camus. David Sherman, *Camus*, bls. 38–44. Camus varð sjálfur fyrir lífsreynslu snemma á ævi sinni sem markaði hugmyndir hans um fjarstæðuna og meðvitundina en hann veiktist illa af berklum 17 ára og var nærri dauða en lífi. Í kjölfar veikindanna var heilsa hans alla tíð óstöðug og nálægð hans við dauðleika sinn áþreifanleg. Oliver Gloag, *Albert Camus. A Very Short Introduction*, Oxford: Oxford University Press, 2020, bls. 39.

²² Páll Skúlason, „Hugleiðingar um listina, trúna og lífsháskann“, *Pælingar. Safn erinda*

nihilismans að gera uppreisn gegn þeim: „Uppreisnin felst í meðvitaðri viðleitni til þess að gefa lífinu, heiminum, náttúrunni gildi, hún er endalaus baráttu gegn allri markleysu.“ Þetta eru fyrirmæli fjarstæðunnar sjálfrar, segir Páll: „að maður eigi að gefa öllum hlutum merkingu og tilgang“.²³

Túlkun Páls virðist við fyrstu sýn líta jákvæðum augum á vonina, það er að hverfa til æðri merkingar gegn nihilismanum, að gefa „hlutunum merkingu og tilgang“. Samkvæmt Camus er slíkur merkingartilbúningur hins vegar aðeins afneitun á fjarstæðunni, hann er „dæmigerð athöfn af tagi undanhalds“ og ber með sér að „lifa ekki fyrir lífið sjálft heldur einhvers konar æðri hugmynd sem mun upphefja það, betrumbæta það, gefa því tilgang og svíkja það“.²⁴

Hugmynd Páls felur þó ekki í sér slíkan merkingartilbúning. Samkvæmt honum þurfum við að leita leiða til að nálgast sannleikann án þess að verða nihilismanum að bráð. Þessi sannleiksleit felur þó ekki í sér þann verknað að beita fyrirfram mótuðu hugmyndakerfi á veruleikann heldur reyna að leysa manninn undan firringu sinni gagnvart heiminum með því að tengjast aftur lífinu sjálfu, líkt og Camus segir, í gegnum trú og listir jafnt sem heimspeki og vísindi.²⁵

Að gefa lífinu merkingu verður aðeins afneitun þegar merkingin er falin í hugmynd í stað þess að byggjast á lífinu sjálfu. Þannig grefur hugmyndin undan lífinu og dregur einstaklinginn í raun til dauða líkt og sjálfsmorðið. Ef einstaklingurinn heldur að hann geti fyllt lífið merkingu og tilgangi í nafni hugmyndar þá fyrst nálgast hann afneitunina. Við verðum því frekar að *finna* merkinguna og tilganginn í lífinu eftir að fjarstæðan er orðin ljós fremur en að *gefa því* merkingu og tilgang.

Að lifa með fjarstæðunni

Ein lausnin gegn fjarstæðunni og dauðleikanum virðist vera sátt. Að sætta sig við hið tómlega efnislega líf, sinn eigin dauðleika og mannleg örlög sín. Slík sátt getur þó fljótlega umbreytt í uppgjöf, leitt til sjálfsmorðsins og þar með flutt okkur aftur á byrjunarreit. Í stað þess að leita sáttu vill Camus notfæra sér þá meðvitund sem fjarstæðan hefur vakið og leita lausnar sem felst í þeirri uppreisn sem Páll Skúlason nefnir.

og *greina*, Reykjavík: ERGO, 1987, bls. 117–127, hér bls. 120.

²³ Sama rit, bls. 120.

²⁴ Albert Camus, *The Myth of Sisyphus and Other Essays*, bls. 8.

²⁵ Páll Skúlason, „Hugleiðingar um listina, lífið og lífsháskann“, bls. 127.

Samkvæmt Camus kveikir fjarstæðan meðvitund um þrjá þætti sem eru afleiðing af meðvitundinni um dauðann, það er uppreisnina, frelsið og ástríðuna.²⁶ Hin þríþætta meðvitund er eins konar stanslaus vitneskja um takmarkanir sínar í krafti dauðans en jafnframt stanslaus barátta við dauðann. Camus útskýrir þessa meðvitund sem þverstæðukennda, hún er „í senn meðvitund um dauðann og höfnun hans“.²⁷ Í þessari þverstæðu býr lykilinn. En hvernig ber að skilja hana? Hvernig er hægt að vera meðvitaður um eitt-hvað og hafna því um leið?

Í raun er svarið ekki svo torsótt. Ef við lítum fyrst til frelsisins þá er svarið á þá leið að frelsi án takmarkana er ekkert frelsi. Frumforsendan hjá Camus fyrir þessari vitneskju er fjarstæðan og meðvitundin um dauðann. Þar með er maður meðvitaður um frelsið en hafnar á sama tíma algjöru frelsi. Sjálf meðvitundin um takmörkin myndar þá reglu sem gerir frelsið mögulegt.²⁸

Hið sama má segja um uppreisnina og ástríðuna. Engin uppreisn er möguleg án takmarkana. Hafi einstaklingurinn ekki meðvitund um takmörk sín aðhefst hann í nafni ódauðleikans og hættir til að réttlæta allt í nafni hinnar ótakmörkuðu baráttu.²⁹ Meðvitundin um dauðann er meðvitundin um þessi takmörk. Uppreisnin er mikilvæg til að gefast ekki upp gagnvart dauðanum og halda á lofti þýðingu lífsins innan takmarka vitneskjunnar um endanleikann. Fullnaðarsigri gagnvart dauðanum verður aldrei náð.

Camus setur dauðleikann fram sem frumforsendu í stað einhvers konar röklegrar reglu, því að hann er hið mannlega hlutskipti sem sérhverjum einstaklingi er ljóst.³⁰ Að leggja til hliðar alla kreddubundna hugmyndafræði í nafni dauðleikans er sönn leið til að sýna fram á takmörk mannsins, þetta er

²⁶ Albert Camus, *The Myth of Sisyphus and Other Essays*, bls. 64.

²⁷ Sama rit, bls. 54.

²⁸ Þessi hugsun um að takmörkin séu frumforsenda frelsisins kallast á við heimspeki John Stuart Mill um frelsið sem leit svo á að enginn væri frjálst ef allir nytu ótakmarkaðs frelsis, því þá ganga einstaklingarnir á frelsi hvers annars. John Stuart Mill, *Frelsið*, íslensk þýðing Jón Hnefill Aðalsteinsson og Þorsteinn Gylfason, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2009, bls. 41 og 141–142.

²⁹ Camus lýsir þessum vanda sem skapast af ótakmarkaðri og ódauðlegri baráttu með ítarlegum hætti í bók sinni *Uppreisnarmanninum* þar sem hann lýsir þeirri hugmyndafræði sem fer út fyrir mannlega tilvist og dauðleika sem „röklegum glæp“. Nánar er rætt um hugmyndir Camus um uppreisnina hér á eftir. Albert Camus, *The Rebel*, bls. 3.

³⁰ Eins og David Sherman hefur bent á forðast Camus að fara út fyrir mannlega reynslu og byggir því í raun á því sem er sjálfgefið og sammanlegt. Nánar tiltekið telur Camus heimspekilega greiningu án tengsla við mannlega tilvist skaðlega. David Sherman, *Camus*, bls. 36–38.

eina leiðin til að lifa lífinu til fulls. Með því að vera meðvitaður um dauðann getur einstaklingurinn í raun fyrst lifað. Þannig leiðist maður ekki út í upp-
gjöf eða afneitun sem hvor um sig gefa dauðanum undir fótinn. Dauðinn er ósigranlegur og meðvituð barátta gegn honum er eina leiðin til að sigrast á fjarstæðunni.

Með þessa hugmynd að leiðarljósi getum við fundið hina sönnu merk-
ingu og tilgang lífsins sem er að lifa fyrir lífið sjálft með takmörkunum
sínunum. Hér birtist hin mannlega sýn Camus á lífið. Þegar einstaklingurinn
hefur öðlast meðvitund um takmarkanir sínar en á sama tíma áttað sig á að
nauðsynlegt sé að berjast gegn tómleika lífsins er lífsfylling fundin í hinu
mannlega. Ást, frelsi og náungakærleikur verða því lykilgildi í baráttunni
gegn hverslags kúgun, hatri og skeytingarleysi gagnvart náunganum. Hin
neikvæðu gildi eru afsprengi tómhyggjunnar og hverslags kreddubundinnar
hugmyndafræði sem reynir að yfirstíga lífið sjálft með vísanir í æðri gildi en
þau jákvæðu afleiðing mannlegrar meðvitundar um veruleikann. Þar með
getur maðurinn „[dregið] úr fjarlægðinni sem skilur [hann] frá veröldinni.“³¹

Undir lok *Godsagnarinnar um Sisyfos* dregur Camus saman kenningu sína
með því að bera hana saman við hina upphaflegu grísku goðsögn. Camus
setur goðsögnina í samhengi við manninn sem hefur öðlast meðvitund um
dauðleikann og nær að yfirstíga fjarstæðuna með því að vera í senn með-
vitaður um hana og berjast gegn henni. Sisyfos er dæmdur af guðunum til
að velta níðþungum steini upp hlíð til þess eins að horfa á hann velta aftur
niður og þurfa að byrja upp á nýtt. Þessa refsingu hlýtur hann fyrir að hafa
reynt að handsama dauðann. Sisyfosi tekst hins vegar að yfirstíga þetta fjar-
stæðukennda og tilgangslausa líf með því að öðlast meðvitund um það og
líta til þess með fyrirlitningu.³² Þrátt fyrir að vera dæmdur til endalausrar
tilgangslausrar vinnu nær hann að gera verkið að sínu og yfirstíga örlög sín
með því að fyrirlíta þau örlög sem guðirnir hafa gefið honum, hann nær að
skapa sinn eigin sjálfstæða tilgang innan órjúfanlegs ramma guðanna. Hugur
hans er enn frjál, hann settir sig ekki við verkið þrátt fyrir að þurfa að vinna
það en berst samt sem áður ekki gegn því, því það er með öllu ómögulegt.
Hann er fullkomlega meðvitaður um takmörk sín.

Sisyfos er því „hetja fjarstæðunnar“,³³ hann hafnar æðri tilgangi og
hverfur ekki frá verki sínu í nafni ódauðlegra hugmynda en settir sig samt

³¹ Albert Camus, „Vindurinn í Djémila“, bls. 98.

³² Albert Camus, „Goðsögnin um Sisyfos“, íslensk þýðing Páll Skúlason, *Muminn* 37: 2/1964, bls. 51–53, hér bls. 52.

³³ Sama rit, bls. 51.

ekki við dauðann, hann lifir lífinu í stanslausri meðvitaðri uppreisn gegn hlutskipti sínu, hinu mannlega hlutskipti, dauðleikanum. Meðvitundin um dauðleikann hefur fært hann nær lífinu. Þannig verður hægt að lifa með fjarstæðunni líkt og „blindur maður, sem þráir að fá sjón, og sem veit, að nóttin tekur aldrei enda. [...] Sisyfos ber vitni um æðri trúmennsku, sem afneitar guðunum og lyftir steininum. Og hann lyftir steininum og viðurkennir, að allt sé gott. Hinn húsbóndalausi alheimur virðist honum hvorki ófrjór né tilgangslaus.“³⁴ Hann lifir lífinu í tengslum við hið mannlega hlutskipti án þess að fyllast vonleysi andspænis hinni hráu efnislegu staðreynd sem dauðinn er, hann hefur sigrast á fjarstæðunni. „Maður hlýtur að ímynda sér Sisyfos hamingusaman mann.“³⁵

Uppreisnarmaðurinn, *dauðinn* og *stjórnmalabeimspeki Camus*

Bókin *Uppreisnarmaðurinn* inniheldur ítarlegustu heimspeki Camus um stjórnmal. Markmið bókarinnar var að hans eigin sögn „að takast á við raunveruleika samtímans, sem er röklegur glæpur, og að rannsaka gaumgæfilega þær röksemdir sem notaðar eru til að réttlæta hann; þetta er tilraun til að skilja þá tíma sem við lifum“.³⁶ Þrátt fyrir að fjalla um ástand samtíma síns er bókin ekki lýsing á sögulegum staðreyndum eða empírísk greining á ástandinu. Bókin er þvert á móti heimspekileg og hugmyndasöguleg. Camus rekur ástandið til hugmyndafræðilegra róta sinna, í trúarbrögðum, stjórnmalaskoðunum og heimspekilegri afstöðu. Samkvæmt Camus er það hugmyndafræðin sem mótar samtímamann þar sem heimspekin er „hin fullkomna fjarvistasönnun [...] sem hægt er að nýta í hvaða tilgangi sem er – jafnvel umbreyta morðingjum í dómara“.³⁷ Eins og í fyrri bókum Camus liggur rót vandans í því hvernig tengingin við lífið sjálft hefur tapast og hugmyndafræði, ýmist á forni hrárrar efnishyggju eða trúarlegra hugmynda með vísanir í æðri gildi, leiðir menn og samfélög til glötunar.

Camus leit á *Uppreisnarmanninn* sem framhald á þeim hugmyndum sem settar eru fram í *Godsögninni um Sisyfos* um sjálfsmorðið og fjarstæðuna, en nú tekst hann á við morðið og uppreisnina. Í raun má segja að Camus útfæri á skýrari hátt þann þátt *Godsagnarinnar um Sisyfos* sem fjallar um *vonina*, sem

³⁴ Sama rit, bls. 53.

³⁵ Sama rit, bls. 53.

³⁶ Albert Camus, *The Rebel*, bls. 3.

³⁷ Sama rit, bls. 3.

átti að vera þriðja umfjöllunarefni bókarinnar en féll nokkuð í skuggann af hinum tveimur efnunum, sjálfsmorðinu og fjarstæðunni. Einnig setur hann kenninguna í heild í samhengi við mannlegt samfélag og stjórnsmál.

Uppreisnin er fyrst og fremst uppreisn gegn dauðanum. Þó ekki endilega í bókstaflegum skilningi heldur í merkingunni kúgun, þvingun og firring. Dauðleikinn er engu að síður hið almenna efnislega hlutskipti sem sérhver maður býr við, hið mannlega hlutskipti, hin endanlegu takmörk mannsins. „Á sama tíma og hann hafnar dauðleika sínum, neitar uppreisnarmaðurinn að viðurkenna kraftinn sem þvingar hann til að lifa við þetta hlutskipti.“³⁸ Uppreisnin er þannig höfnun á ástandi sínu og höfnun á dauðleikanum sem hinu endanlega hlutskipti. Hún er þörf til að losna undan oki hlutskiptis síns, hvort sem það er undan firringunni, kúguninni eða dauðanum.

Uppreisnin á uppruna sinn í sjálfinu og er barátta fyrir tilvist og einingu, gegn dauða og einangrun. Camus snýr *cogito*-i Descartes úr „ég hugsa, þess vegna er ég til“³⁹ yfir í „ég geri uppreisn og því erum við til“.⁴⁰ Uppreisnin er „fyrsta róttæka skref huga sem er heltekinn af framandleikanum til þess átta sig á því að þessi tilfinning framandleikans er sameiginleg öllum mönnum og að mannlegur veruleiki, í heild sinni, þjáist vegna þeirrar fjarlægðar sem skilur hann frá öllu öðru í alheiminum“.⁴¹ Uppreisnin er því afleiðing þeirrar meðvitundar sem hófst með fjarstæðunni og því einn þáttur í því „að draga úr fjarlægðinni sem skilur okkur frá veröldinni“⁴². Uppreisnin er því upprunalega jákvætt afl, sem er skapandi og frelsandi.

Uppreisnin getur hins vegar snúist upp í andhverfu sína og orðið að neikvæðu, tortímandi og heftandi afli⁴³ þegar hún reynir að móta ódauðleika í baráttu sinni við dauðann. Þá færist hún yfir á stig *byltingarinnar* og neitar allri „tilvist og mannlegri náttúru“.⁴⁴ Byltingin er hin örvæntingarfulla afdráttarlausu barátta fyrir algjörum tilgangi og algjöru valdi yfir hlutskipti sínu. Í stað einingar og tilvistar, sem var upprunalegt markmið uppreisnarrinnar, krefst hún heildar (e. *totality*) og hafnar tilvist í nafni nauðsynjar.⁴⁵

³⁸ Sama rit, bls. 24.

³⁹ René Descartes, *Orðræða um aðferð*, íslensk þýðing Magnús G. Jónsson, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 1998, bls. 98.

⁴⁰ Albert Camus, *The Rebel*, bls. 22.

⁴¹ Sama rit, bls. 22.

⁴² Albert Camus, „Vindurinn í Djémila“, bls. 98.

⁴³ Albert Camus, *The Rebel*, bls. 25.

⁴⁴ Sama rit, bls. 251.

⁴⁵ Sama rit, bls. 251 og 304.

Byltingin réttlætir dráp í nafni hins algjöra takmarks og snýst því upp í hinn röklega glæp þar sem allt verður röklega leyfilegt vegna hins endanlega takmarks, ódauðleikans. Rökleg niðurstaða byltingarinnar er morðið.

Ráðgátan sem Camus fæst við í *Uppreisnarmaninum* er ástæða þess að uppreisnin tapar upprunalegum tilgangi sínum og umbreytist í byltinguna. Einnig reynir hann að svara því hvort uppreisnin sé dæmd til þess að verða að byltingu. Ólíkt umfjöllunarefni *Goðsagnarinnar um Sisyfos* eru þessar spurningar stjórnmálaheimspekilegs eðlis en fást ekki aðeins við upplifun einstaklingsins gagnvart dauðanum. Vandamálið er ekki lengur að finna tilgang með lífinu til að forðast fjarstæðuna og sjálfsmorðið heldur að spyrja hvort hægt sé að réttlæta morð, eða öllu heldur hvort morðið sé rökleg niðurstaða samfélags í leit að tilgangi sínum andspænis fjarstæðunni.

Upprunalegur tilgangur uppreisnarinnar

Þrátt fyrir að uppreisnin leiði til byltingar vill Camus ekki gefa hana upp á bátinn og horfa til íhaldssemi, trúarbragða eða stöðnunar. Uppreisnin er góð í sjálfu sér og nauðsynleg í baráttunni við fjarstæðuna til þess að upphefja lífið gagnvart dauðanum. Það þarf einungis að koma í veg fyrir að upprunalegur tilgangur hennar gleymist og hún þróist út í algjöra byltingu eða missi mátt sinn og leiði til uppgjafar og sjálfsmorðsins.

Til þess að halda í upprunalegt markmið sitt verður uppreisnin því að eiga sér takmörk og engan eiginlegan endi. Það er hin algjöra höfnun á öllum gildum sem verður að þránni eftir endanlegu takmarki algjörs tilgangs og ódauðleika sem snýr uppreisninni óhjákvæmilega upp í andhverfu sína. Takmörk uppreisnarinnar er mannleg tilvist. Hún er alltaf á mörkum höfnunar og samþykktar, hún er ávallt samtímis barátta og auðmýkt. Baráttan er hið sisyfosíska ástand „meðvitundar og höfnunar“, ⁴⁶ það er hún er endalaus vegna þess að hún gengst við því að hún hefur ekkert endanlegt takmark. Hún byggir einungis á því að baráttan sé í sjálfu sér markmiðið: „Baráttan til að ná upp á tindinn er nóg til að fylla eitt mannshjarta.“ ⁴⁷ Þannig er mannleg tilvist eða mennskan í senn takmörk og takmark baráttunnar, hún er barátta gegn fjarstæðunni sem lifir meðvituð um dauðann í stað þess að afneita honum. Uppreisnin sem á rót sína í höfnun á dauðanum sem sínu endanlega hlutskipti verður því að heyja meðvitaða baráttu við dauðann í stað þess að afneita honum eða samþykkja.

⁴⁶ Albert Camus, *The Myth of Sisyphus and Other Essays*, bls. 54.

⁴⁷ Albert Camus, „Goðsögnin um Sisyfos“, bls. 53.

Þó svo að kenning Camus um uppreisnina byggji á mennskunni ber ekki að skilja hana sem svo að hún byggji á húmanísku algildi um heilagleika mannsins eða að hann tali fyrir algjörri friðarstefnu (e. *pacifism*). Camus hafnar vissulega morðinu sem lögmætri aðgerð í sköpun tilgangs í samfélagslegum skilningi. Hins vegar getur morðið orðið nauðsynleg afhöfn í baráttunni fyrir lífinu. Þannig lofar Camus baráttumanninn Kaliajev og samverkamenn hans bæði í *Uppreisnarmanninum* og leikritinu *Les Justes* (*Hinir réttlátu*, 1949) sem hann byggði á sannsögulegum atburðum um launmorð Kaliajevs á rússneska stórhertoganum Paul Alexanderovitsj. Kaliajev barðist ásamt félögum sínum gegn einveldi rússneska ríkisins um aldamótin 1900 með hryðjuverkum og pólitískum launmorðum. Camus sér í honum mann uppreisnarinnar því Kaliajev tapar aldrei uppreisnarandanum, hann er ekki tilbúinn til að gera hvað sem er fyrir málstaðinn en neitar samt að lifa í heimi valdsins. Í leikritinu *Hinir réttlátu* segir Kaliajev:

Þeir sem ég ann eru menn sem lifa í dag, og byggja þessa sömu jörð. Það eru þeir sem ég hylli, það er fyrir þá sem ég berst. Fyrir þá er ég tilbúinn að fórna lífi mínu. En ég mun ekki berja á bræðrum mínum í nafni einhverrar fjarlægrar borgar, sem, samkvæmt minni vitneskju, kann ekki að vera til.⁴⁸

Hann myrðir og er tilbúinn að deyta vegna nauðsynjar fyrir líf manna en ekki vegna réttlætningar í nafni útópíunnar.⁴⁹

⁴⁸ Albert Camus, „The Just Assassins. A Play in Five Acts“, *Caligula & Three Other Plays*, ensk þýðing Stuart Gilbert, New York: Vintage Books, 1958, bls. 233–302, hér bls. 260.

⁴⁹ Þessi afstaða kallast á við ævi Camus. Þegar hann starfaði fyrir PCF, franska kommúnistaflokkinn, neitaði hann að taka þátt í útþenslustefnu Sovétríkjanna, sem kennd var við „realpólitik“, þegar þau fyrirskipuðu að falla frá baráttunni gegn heimsvaldastefnunni í Alsír og einbeita sér að ógn fasismans í Evrópu stuttu eftir að flokkurinn hafði einsett sér að berjast fyrir auknum réttindum araba og berba í Alsír. Camus skrifaði þá í bréfi til vinar síns og samverkamanns í flokknum: „Ég mun aldrei setja eintak af Auðmagni Marx milli mín og meðbræðra minna“ og átti þar við að hann myndi aldrei hætta að berjast fyrir réttindum araba og berba í Alsír vegna fyrirskipana í nafni hugmyndafræði kommúnismans. Að sama skapi fordæmdi hann hryðjuverkaárásir uppreisnarmanna í Alsír vegna miskunnarlausra morða á saklausum borgurum, þrátt fyrir að hann styddi full réttindi araba og berba í Alsír. Spurður að því hvers vegna hann styddi ekki uppreisnina svaraði Camus: „Ég trúi á réttlæti, en ég mun standa með móður minni fremur en réttlætinu.“ Hið persónulega skipti hann meira máli en algild lögmál. Robert Zaretsky, *Albert Camus. Elements of a Life*, Ithaca: Cornell University Press, 2010, bls. 29 og 145.

Pegar hugmyndin um uppreisnina er sett í samfélagslegt samhengi, það er sem leið til að móta ákveðna samfélagsgerð, segir Camus: „Siðmenningin er því aðeins möguleg að heimurinn hafni níhilisma formlegra gilda og níhilisma án gilda og finni þannig að nýju leiðina á vit skapandi samþættingar.“⁵⁰ Samkvæmt honum stendur kapítalisminn, hið borgaralega íhald, fyrir níhilisma formlegra gilda og kommúnisminn fyrir níhilisma án gilda.⁵¹ Bæði þessi kerfi undiroka sköpun og mennsku og krefjast iðnvæddrar framleiðslu.⁵² Hin skapandi samþætting hafnar báðum þessum leiðum, hún er í senn höfnun á öllum gildum og staðfesting á þeim. Þetta er samfélagið sem samþykkir mennskuna sem gildi og takmörk en hafnar öllum gildum sem grafa undan henni. Skapandi samþættingin er hið mennska samfélag þar sem firring vinnunnar hefur verið afnumin og hver einstaklingur skapar í stað þess að framleiða. Hið nýja samfélag skapandi samþættingarinnar „færir verkamanninum að nýju reisu skaparans“.⁵³ Camus segir þessa samfélagsgerð nauðsynlega, hún muni ekki „verða fær um að aðskilja, hjá stéttum sem einstaklingum, verkamanninn frá skaparinum [...]. Með þessum hætti mun það [það er samfélagið] veita öllum þá reisu sem uppreisnin staðfestir“.⁵⁴ Þar með sést að þetta er samfélag sem skilur ekki á milli efnislegs raunveruleika og mannsandans, það smættar ekki einstaklinga og stéttir niður í efnislegar stærðir eða hugmyndir og skilur ekki á milli vinnu og sköpunar.

Að skapa meðvitaðan dauða

Undir lok *Uppreisnarmannsins* hverfur Camus aftur til hugmyndarinnar um meðvitaðan dauða sem hann skrifaði um í esseyjunni *Vindurinn í Djémila* árið 1938. Síðustu tvær efnisgreinar bókarinnar draga saman kenninguna og birta hana í því ljósi sem hún hefur öðlast á ferðalagi sínu frá *Vindinum í Djémila* til *Uppreisnarmannsins* í gegnum hugleiðingar um fjarstæðuna í *Goðsögninni um Sisyfos*. Uppreisnin er í raun þessi meðvitund um dauðann en hún fullkomnar einnig þann kraft sem gerir lífið mögulegt. Camus telur að Evrópa hans daga hafi tapað ástinni á lífinu.

⁵⁰ Albert Camus, *Rebel*, bls. 273.

⁵¹ Hér má sjá líkindi með því sem Páll Skúlason nefndi meðvitaðan og ómeðvitaða níhilisma. Kapítalisminn og hið borgaralega og íhaldssama samfélag er hér því samsvarandi ómeðvituðum níhilisma sem samfélag sem byggir í raun á tómum gildum og kommúnisminn samsvarar meðvituðum níhilisma samfélags sem byggir á engum gildum. Camus hefur því fært kenningu sína yfir á raunveruleg pólitísk kerfi.

⁵² Albert Camus, *Rebel*, bls. 272–273.

⁵³ Sama rit, bls. 273.

⁵⁴ Sama rit, bls. 274.

Óþreyja gagnvart takmörkum, afneitun á tvöföldu lífi þeirra, ráðleysi gagnvart mennskunni, hefur loks att þeim út í ómanneskjuleg óhæfuverk. Með því að afneita raunverulegum mikilfengleika lífsins hafa þeir þurft að reiða sig á eigið ágæti. Þeir vildu eitthvað betra og töldu sjálfa sig guði en þá hófst ógæfa þeirra; þessir guðir hafa stungið úr sér augun.⁵⁵

Það er þessi kreppa sem mótar ástand Evrópu. Hin níhilíska afstaða til lífsins og afneitun mennskunnar mótar trú á ódauðleika sem hatast við lífið og réttlætir morðið í nafni hins endanlega, „veröld einangrunarþúða“⁵⁶ verður til. Uppreisnin stígur fram gegn þessari heimsmynd, hún er afstaða Kaliajevs:

Kaliajev og samverkamenn hans um allan heim [...] hafna ótakmörkuðu valdi til að drepa. Þeir velja, og gefa okkur dæmi um, einu upprunalegu reglu lífsins í dag: að læra að lifa og deyja, til þess að vera maður, til þess að hafna því að vera guð.⁵⁷

Uppreisnin nær því aftur til raunveruleikans, hún dregur okkur aftur niður á jörðina. Þessi jarðbinding er sú eining sem uppreisnin skapar. Í *Vindinum í Djémila* var þessari leið lýst sem því að „hverfa án gleði inn í hið fullgerða, í vissunni um hinar heillandi myndir heims sem er að eilífu glataður“.⁵⁸ Í *Uppreisnarmanninum* er uppreisnin leið til að öðlast gleði yfir lífinu: „nú fæðist þessi einkennilega gleði sem gerir okkur kleift að lifa og deyja [...]. Á tregafullri jörðinni er hún ókyrr þyrnir [...]. Með þessari gleði, eftir langvinna baráttu, munum við endurskapa anda samtímans og Evrópu sem útilokar ekkert.“⁵⁹ Uppreisnin er því ekki aðeins meðvitaður dauði heldur jafnframt barátta fyrir lífinu. Í *Vindinum í Djémlia* mótaði Camus hugmyndina um þýðingu dauðans en í gegnum hina tvíþættu baráttu gagnvart hyldýpi dauðans, annars vegar við sjálfsmorðið í *Godsögninni um Sisyfos* og hins vegar við morðið í *Uppreisnarmanninum*, verður honum ljóst að án ástar á lífinu getur dauðinn aldrei orðið meðvitaður. Meðvitundin um dauðann er það endanlega akkeri sem heldur okkur á leið uppreisnarinnar, hún er staðreynd sem aldrei má gleyma, án dauðans er ekkert líf. Án þeirrar meðvitundar er

⁵⁵ Sama rit, bls. 305.

⁵⁶ Sama rit, bls. 246.

⁵⁷ Sama rit, bls. 305–306.

⁵⁸ Albert Camus, „Vindurinn í Djémila“, bls. 98. Leturbreyting mín.

⁵⁹ Albert Camus, *The Rebel*, bls. 306.

ekki hægt að lifa með fjarstæðunni og tómið sem fjarstæðan veldur mun fyllast af ómeðvitaðri algjörrri baráttu eða sökkva í djúp uppgjafarinnar.

Plágan

Skáldsagan *Plágan* kom út eins og áður sagði mitt á milli tveggja megin heimspekirita Albert Camus sem fjallað var um hér að framan. Í sögunni endurspeglast allir þeir þættir sem heimspeki Camus um dauðann hverfast um; fjarstæðan, sjálfsmorðið, uppreisnin og morðið. Segja má að sagan birti í senn fjarstæðuna og sýni fram á viðbrögð einstaklinga og samfélaga við henni en sé jafnframt, líkt og *Uppreisnarmaðurinn*, „tilraun til að skilja þá tíma sem við lifum“⁶⁰. Þó ekki í sögulegu samhengi heldur í heimspekilegu ljósi þar sem lausn á ástandi heimsins, því sem Camus lýsti síðar í *Uppreisnarmaninum* sem „röklegum glæp“, felst í meðvitund um hið mannlega ástand, dauðann. Tilraunin felst fyrst og fremst í því að sýna lesandanum hvað gerist í heimi þar sem fjarstæðan heldur innreið sína þegar dauðinn birtist. Framvinda sögunnar endurspeglar það ferli sem persónur hennar og samfélagið í heild fer í gegnum í baráttunni við dauðann. Í upphafi bókarinnar lýsir Camus viðhorfi samfélagsins til dauðans á eftirfarandi hátt:

Sérkennilegast við borgina okkar er hinsvegar það, hve erfitt mönnum getur veitzt að deyja þar. Erfitt er þó ekki heppilegt orð, réttara væri að segja óþægilegt. [...] Sjúklingurinn þarfnast blíðu, hann þráir að geta hallað sér að einhverju. Slíkt er mjög eðlilegt. En veðráttan í Oran, stórvægi viðskiptanna, sem menn reka þar, svipleysi staðarins, rökkrið, hve skjótlega það færirst yfir, lífsnautnirnar, allt krefst þetta mikillar hreysti. Sjúkur maður er þar einn og yfirgefinn. Hugsid ykkur þá, sem bíða dauðans, hnepptir í snöruna bak við hundruð veggja snarkandi af hita, á meðan alþýða manna situr í kaffihúsum eða við símann og talar um samninga, flutningskostnað og afslátt. Menn munu skilja óþægindi þau, sem geta verið dauðanum samfara, einnig nú á tímum, þegar hann birtist á þannig eyðilegum stað.⁶¹

⁶⁰ Sama rit, bls 3.

⁶¹ Albert Camus, *Plágan*, íslensk þýðing Jón Óskar, Reykjavík: Heimskringla, 1952, bls. 6–7.

Samfélagi Oran er jafnframt lýst sem ofurnútímalegu, hún er „alger nýtízku-borg“⁶². Fólk vinnur mikið, þráir peninga og lifir regluföstu og tilbreytingarsnauðu lífi. Það sem umfram allt einkennir samfélagið „er hinn andlausi svipur borgarinnar og lífsins þar“.⁶³ Dauðinn er óþægilegur íbúum Oran, hann er truflun á nútímalegu lífi þeirra. Þær efnislegu og samfélagslegu aðstæður sem þeir búa við gera dauðann óbærilegan. Hinn andlausi nútími endurtekninga, hraða og hugsunarleysis hefur ekkert pláss fyrir dauðann. Dauðinn er hins vegar óumflýjanlegur og Camus varpar honum inn í þetta samfélag. Plágan er dauðinn í öllu sínu veldi sem ómögulegt er að leiða hjá sér. Hið nútímalega samfélag er neytt til að horfast í augu við dauðann.

Strax í upphafi sögunnar þegar plágan byrjar að breiðast út sýnir Camus hversu erfitt íbúar Oran eiga með að horfast í augu við dauðann. Þegar sögumaður hefur lokið við að lýsa borginni og samfélaginu þar hefst sagan.

Morguninn 16. apríl, er Bernard Rieux læknir var á leið úr skrifstofu sinni, steytti hann fæti við dauðri rottu á miðjum stigapallinum. Hann ýtti dýrinu til hliðar án þess að gefa því frekari gaum og hélt áfram ofan stigann. En er hann var kominn á götuna, datt honum í hug, að rottan væri ekki þar, sem hún ætti að vera, og hann snerist á hæl til að gera dyraverðinum aðvart. Þegar hann stóð frammi fyrir Michel gamla dyraverði, varð honum betur ljóst, hvílíka svívirðu hann hafði uppgötvað. Honum hafði einungis þótt skrítið að sjá þessa dauðu rottu þarna, en í augum dyravarðarins var það hneyksli. Afstaða síðarnefnds var annars skýr og greinileg: Í húsinu voru engar rottur. Læknirinn reyndi árangurslaust að sannfæra hann um, að á stigapalli fyrstu hæðar væri rotta, sennilega dauð. Dyravörðurinn vissi, hvað hann söng, í húsinu voru engar rottur. Einhver hlaut því að hafa borið þessa rottu að utan. Í stuttu máli: prakkarastrik.⁶⁴

Í þessari upphafssenu sjáum við afstöðuna til dauðans. Dauða rottan er fyrsta merki plágunnar og henni er jafnskjótt afneitað. Læknirinn ýtir henni hugsunarlaust frá sér og dyravörðurinn afneitar tilvist hennar. Dauðinn er

⁶² Sama rit, bls. 6.

⁶³ Sama rit, bls. 7. Þýðingu breytt. Í þýðingu Jóns Óskars er orðið „hversdagslegi“ notað í stað „andlausi“. Í upphaflegum texta Albert Camus notar hann franska orðið „banal“ til þess að lýsa lífinu í borginni. Albert Camus, *La Peste*, París: Gallimard, 1947, bls. 15.

⁶⁴ Sama rit, bls. 8–9.

aðskotahlutur, utanaðkomandi og ómögulegur í augum íbúa Oran. Dyravörðurinn verður þó fyrsta fórnarlamb plágunnar,⁶⁵ afneitun má sín lítills gagnvart dauðanum.

Þegar plágan vindur upp á sig og dauðsföllum vegna hennar fjölgar í miklum mæli verður afneitunin aftur sýnileg. Camus greinir frá viðbrögðum borgaranna þegar ljóst er orðið að sú sýki sem drap í fyrstu rottur og nú mannfólk er skæð plága.

Orðið „plága“ hafði verið sagt í fyrsta skiptið. [...] Raunar eru plágur alþekkt fyrirbrigði, en fólk veigrar sér við að trúa á pláguna, þegar hún skellur yfir það. [...] Plágan fer út fyrir ímyndun mannsins, menn segja því, að hún sé óraunveruleg, vondur draumur, sem líði hjá. En hún líður ekki ævinlega hjá, og frá einni martröð til annarrar hrekjast mennirnir, einkum þeir, sem trúa á mannúðina, því þeir hafa ekki verið forsjálar. Ekki er ástæða til að saka meðborgara vora frekar en aðra. Þeir gleymdu einungis hæverskunni og héldu, að þeim væru allir vegir færir, sem sé, að plágur gætu ekki átt sér stað. [...] Þeir hugðu sig frjálsa, og enginn verður nokkru sinni frjáls meðan til eru plágur.⁶⁶

Plágan er hið ómögulega en jafnframt alþekkt. Hér sést hvernig meðvitundarleysið vekur pláguna upp í sífellu. Hún ryður sér til rúms, menn hrekjast „frá einni martröð til annarrar“⁶⁷ vegna trúar sinnar á algjört frelsi og meðvitundarleysis um takmörk sín.

Morð og sjálfsmorð, hin tvö neikvæðu viðbrögð samfélagsins við plágunni

Plágan verður íbúum borgarinnar sífellt ljósari og brátt kemur að þeim punkti þar sem afneitunin er ómöguleg. Þá taka viðbrögðin aðra stefnu og brjótast út annars vegar í baráttu og hins vegar í uppgjöf sem markast af þeim tvenns konar neikvæðu viðbrögðum við dauðanum sem fjallað var um hér að framan, morðinu og sjálfsmorðinu, hinni algjöru baráttu og hinni algjöru uppgjöf. Yfirvöld grípa til harkalegra aðgerða gegn plágunni, öllum hliðum á borgarmúrnum sem umlykja borgina er læst og engum hleypt út. Þrátt fyrir að yfirvöld reyni að stemma stigu við plágunni heldur hún áfram

⁶⁵ Sama rit, bls. 23.

⁶⁶ Sama rit, bls. 35–36.

⁶⁷ Sama rit, bls. 35.

að magnast. Stjórnvöld auka viðbúnaðinn sífellt án árangurs og loks er svo komið að samfélagið er farið að líkjast alræðisríki.

Læknirinn Rieux, sem jafnframt er aðalsögupersóna bókarinnar, er í forsvari fyrir þessar aðgerðir. Í baráttu sinni gegn plágunni verður Rieux sífellt kaldlyndari. Í upphafi finnur hann til með sjúklingum sínum sem senda þarf í einangrun en eftir að baráttan harðnar kemur hann í fylgd hermanna og fjarlægir sjúklingana með valdi frá ástvinum sínum. Umskiptum Rieux er lýst þannig:

Menn þreytast á að kenna í brjósti um aðra, þegar það er til einskis. Og eina huggun læknisins á þessum þungbæru dögum var að finna, hvernig hjarta hans kulnaði út. Hann vissi, að það myndi létta honum starfið. [...] Til þess að berjast gegn einhverju fræðilegu þarf maður að líkjast því dálítið.⁶⁸

Plágan breytir lækninum í kaldrifjaðan stríðsmann gegn dauðanum.

Þegar plágan stendur sem hæst hefur skilvirkni og stýring heltekið samfélagið: „hvergi fannst opinber bygging, sem ekki hafði verið breytt í spítala eða hæli“.⁶⁹ Plágan nær jafnvægi og læknarnir verða samdauna því ástandi sem samfélagið er komið í. Hlutverk Rieux er ekki lengur að lækna heldur að skrá og dæma, „að ákvarða sjúkdóminn. Uppgötva, skoða, lýsa, skrásetja og loks fordæma, þetta var verk hans [...]. Nei, það var ekki hjálp, sem hann veitti mönnum dag út og dag inn, heldur voru það upplýsingar“.⁷⁰ Sjúklingarnir verða að mælanlegum stærðum og jafnvægið sem næst myndar „prýðilegt línurit“.⁷¹

Þessi lýsing á stýrðu samfélagi plágunnar kallast á við lýsingu heimspekingsins Michels Foucault á nútímasamfélagi. Í þriðja kafla bókarinnar *Surveiller et punir (Gæsla og refsing)*, „Alsæishyggja“, fjallar hann um þróun stýringarsamfélagsins. Hann rekur upphaf þess til verklagslýsinga stjórnvalda á tímum drepsotta. Foucault þræðir söguna frá þessari algjöru stýringu á farsóttartímum yfir til þróunar alsjárinnar, sem var ákveðið skipulag fangelsa sem kom fram á 18. öld, og loks til nútímastofnunarvalds. Kaflann endar Foucault á þessum orðum þar sem hann lýsir því hvernig sjálft form nútímasamfélagsins endurspeglar fangelsisskipulagið:

⁶⁸ Sama rit, bls. 81–82.

⁶⁹ Sama rit, bls. 211.

⁷⁰ Sama rit, bls. 171.

⁷¹ Sama rit, bls. 211.

Að klefaskipt fangelsið – með sundurliðuðum tímatöflum sínum, þegnskylduvinnu, eftirliti og skráningu, með lærifeðrum hins venjulega sem miðla hlutverki dómarans og margfalda það – skuli orðið að refsitæki nútímans: Er nokkuð undravert við það? Er það nokkuð undravert að fangelsið líkist verksmiðjum, skólum, herbúðum, spítölum, sem aftur líkjast fangelsum?⁷²

Hið sama er uppi á teningnum í *Plágunni* þar sem Rieux, *læknirinn*, „lærifaðir hins venjulega“, er kominn í hlutverk dómarans. Hann og samverkamenn hans hafa breytt öllum stofnunum í fangelsi plágunnar þar sem sjúklingarnir eru einangraðir, lúta stýringu og eru undir ströngu eftirliti. Líkt og hjá Foucault er það baráttan við dauðann og óttinn við nálægð hans sem leggur grunninn að stýringarsamfélaginu:

Svarið við plágunni er skipulagið og markmið þess er að kveða niður hvers kyns glundroða: [...] þann sem fylgir því böli sem magnast upp þegar óttinn og návist dauðans losa um boð og bönn. Skipulagið úthlutar hverjum og einum sínum stað, sínum líkama, sjúkdómi og dauða, og ákvarðar hvað er hverjum og einum fyrir bestu – fyrir atbeina alvitrus sínálægs valds sem teygir anga sína á þaulskipulagðan hátt allt niður til einstaklingsins sjálfs og endanlegrar skilgreiningar á honum, á því sem einkennir hann, því sem tilheyrir honum, því sem kemur fyrir hann. Gegn plágunni og þeirri blöndun sem einkennir hana beitir ögunin valdi greiningarinnar.⁷³

Þannig lýsir Foucault viðbrögðunum við plágunni og þannig er ástandið í samfélaginu í *Plágu* Camus. Stýringarkerfið tekur völdin og eftir kuldalega lýsingu á meðferð sjúklinganna í einangrunarbúðunum hreykir umsjónarmaður þeirra sér af vísindalegri skilvirkni þeirra.⁷⁴

Barátta yfirvalda, Rieux og samstarfmannanna hans, gegn plágunni er hin ómeðvitaða algjöra barátta. Þeim verður ekkert ágengt í að stemma stigu við plágunni heldur magnast hún og nær síðan ákveðnu jafnvægi. Samfélagið losnar ekki undan plágunni heldur verður það að samfélagi hennar. Dauðinn heltekur samfélagið. Þannig endurspeglar baráttan löngunina eftir ódauðleikanum og tilraunum til að yfirstíga dauðann með því að varpa honum

⁷² Michel Foucault, „Alsæishyggi“, *Alsæi, vald og þekking. Úrval greina og bókarkafla*, íslensk þýðing Björn Þorsteinsson, ritstjóri Garðar Baldvinsson, Reykjavík: Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands, 2005, bls. 129–169, hér bls. 169.

⁷³ Sama rit, bls. 133–134.

⁷⁴ Albert Camus, *Plágan*, bls. 217.

frá manneskjunni yfir á ódauðleg hugmyndafræðikerfi, í tilfelli læknanna, vísindin. Þannig nær dauðinn taki á samfélaginu í baráttu þess gegn honum þar sem því hefur ekki tekist að skapa hinn meðvitaða dauða.

Í bókinni má einnig merkja hin neikvæðu viðbrögðin, uppgjöfina. Persónan Cottard er andlit þessarar afstöðu í sögunni, hann er hinn algjöri tómhyggjumaður sem gengst við plágunni og býður hana velkomna. Áður en plágan skellur á er Cottard þjakaður af áhyggjum og óttast í sífellu að lögreglan sé að njósna um hann, en í miðri plágunni þegar losnar um öll siðferðisleg boð og bönn meðal almennings líður honum betur en nokkru sinni fyrr:

Það sem Cottard hafði fyrir nokkrum mánuðum leitað að á opinberum stöðum, ríkulegt munaðarlíf, það sem hann hafði dreymt um, án þess að fá uppfyllta ósk sína, sem sé taumlaust gleðilíf, það var nú keppikefli heillar borgar.⁷⁵

Snemma í bókinni, þegar plágan er byrjuð að ryðja sér til rúms, segir frá því þegar hlakkar í Cottard og hann hrópar að Rieux lækni að borgin þarfnist „Jarðskjálfta! Reglulegs jarðskjálfta!“.⁷⁶ Cottard er sá sem þráir dauðann, hann er „röklegur níhilisti“ sem nýtur sín í hruni borgarinnar og vill hrista upp í fastmótuðu lífi borgarbúa. Fyrir Cottard er plágan „hátíð hinna dauðu [sem er] haldin á hverjum degi“.⁷⁷

Þrátt fyrir þessi tvenns konar neikvæðu viðbrögð borgabúa tekur plágan loks enda. Hvernig það gerist og hvernig hún er sigruð er lykillinn að þeirri túlkun bókarinnar sem ég set fram hér, það er að líta á pláguna sem útfærslu á kenningu Camus um dauðann í samfélagslegu samhengi. Endalokum plágunnar er lýst með eftirfarandi hætti:

[...] í heild var sóttin á undanhaldi á allri víglínunni og tilkynningar héraðsstjórnarinnar [...] kveiktu að lokum þá sannfæringu í hugum fólksins, að stund sigursins væri runnin upp [...]. Í sannleika sagt var erfitt að fullyrða, að hér væri um sigur að ræða. Menn neyddust til að viðurkenna, að sóttin virtist fara eins og hún var komin. [...] Það var því engu líkara en að sóttin hefði gengið fram af sér og drægi sig einungis í hlé vegna þess, að hún hefði náð takmarki sínu. Einhvern veginn var hlutverki hennar lokið.⁷⁸

⁷⁵ Sama rit, bls. 176.

⁷⁶ Sama rit, bls. 55.

⁷⁷ Sama rit, bls. 211.

⁷⁸ Sama rit, bls. 241.

Plágan endar sem sagt ekki vegna áræðni læknanna eða aðgerða stjórnvalda. Hún endar þegar hún „hefur náð takmarki sínu“.⁷⁹ En hvert var þetta takmark plágunnar í sögunni? Svarið má finna hjá Grand, fyrstu persónunni sem læknast af plágunni, og í dauða Tarrou, síðasta fórnarlambi plágunnar.

Grand er gamall sérvitringur og skrifstofublók sem gengur til liðs við Rieux í baráttunni gegn plágunni. Alla söguna er Grand að berjast við að semja hina fullkomnu upphafssetningu í skáldsögu sem hann er að skrifa. Tarkmark hans er að skrifa svo magnþrungna setningu að menn fyllist lotningu og taki ofan fyrir meistaraverkinu.⁸⁰ Grand bögglast við að raða orðunum saman en ekkert gengur. Í sögunni er sagt frá því að kona Grands, Jeanne, hafi farið frá honum vegna þess að þau „[unnu] svo mikið að [þau] gleym[du] að elska“.⁸¹ Tilbreytingarsnautt og firrt vinnulífið hafði eytt ástinni í sambandi þeirra. Undir lok bókarinnar, þegar nálgast fer jólin, minnst Grand skyndilega ástarinnar þegar hann gengur fram á búðarglugga ásamt Rieux. Grand grætur og hugsar með sér „að þessi ástlausa veröld væri sama og dauð veröld, og fyrr eða seinna kæmi sú stund, að menn þreyttust á fangavistinni, starfinu, misstu móðinn og tækju að þrá ákaft kært andlit og dásemd ástarinnar“.⁸² Eftir þetta segir Grand að hann hafi þráð að skrifa konunni sinni eftir að hún fór, en aldrei hafa „fengið tíma til að skrifa henni“.⁸³

Skömmu síðar sýkist Grand af plágunni. Þegar hann liggur á dánarbedinu biður hann Rieux að taka fram handritið að skáldsögunni sem hann er að skrifa. Fremst sér Rieux hvar skrifað er: „Hjartkæra Jeanne. Í dag eru jólin...“⁸⁴ Þetta er upphaf þess bréfs sem Grand segist aldrei hafa „fengið tíma til að skrifa“⁸⁵. Í framhaldinu eru síðan endalausar skissur af sömu upphafssetningu skáldsögunnar sem átti að vera svo fullkomin. Í stað þess að skrifa Jeanne hafði Grand fest sig í sífelldri endurtekningu í leit að fullkomleika og ekki gefið sér neinn tíma fyrir ástina. Þegar Grand virðist vera að draga síðustu andardrætti sína skipar hann Rieux að brenna handritið. Rieux gerir það og skyndilega fer Grand að batna. Plágan hafði fengið hann til að minnast ástarinnar og losað hann undan oki endurtekningarinnar, hann hefur öðlast meðvitund á ný og losnað undan andlausu og hversdagslegu

⁷⁹ Sama rit, bls. 241.

⁸⁰ Sama rit, bls. 91.

⁸¹ Sama rit, bls. 73.

⁸² Sama rit, bls. 234.

⁸³ Sama rit, bls. 235.

⁸⁴ Sama rit, bls. 236.

⁸⁵ Sama rit, bls. 235

lífi borgarinnar. Nálægð Grands við dauðann vakti hann til meðvitundar og gerði honum kleift að lifa lífinu fyrir lífið sjálft.

Dauði Tarrou er einnig stund meðvitundar. Tarrou er dyggasti samstarfsmaður Rieux í baráttunni gegn plágunni og þeir bindast nánum vintuböndum þegar líður á bókina. Tarrou er seinasta fórnarlamb plágunnar og hann er jafnframt fyrsti sjúklingurinn sem Rieux meðhöndlar án þess að senda hann rakleiðis í einangrunarbúðir.⁸⁶ Fram að þessu hefur læknirinn litið á sig sem eins konar stríðsmann sem hatar „dauð[a]nn og hið illa“.⁸⁷ En nú „horf[ir] [Rieux] beint í augu Tarrou“.⁸⁸ Tarrou segir við Rieux: „Mig langar ekki að deyja, og ég mun berjast. En ef taflíð er tapað vil ég deyja með sæmd.“⁸⁹ Þetta er afstaða þess sem hefur öðlast meðvitaðan dauða, þess sem hefur náð því að vera samtímis meðvitaður um dauðann og hafnað honum, þess sem þekkir takmörk sín sem mannleg vera.

Þegar Tarrou heyrir loks lokabaráttuna við dauðann tilkynnir Rieux förföll til sjúkrahússins og er með vini sínum. Rieux lætur af ómeðvituðu stríði gagnvart mætti plágunnar sem sýkti allt samfélagið. Hann horfist í augu við dauðann:

Þessi mannvera, sem hafði verið honum svo nálæg, var nú gegnumstungin spjóti, beitt yfirmannlegum kvölum, hrakin af hatursbyljum almættisins, og sökk nú í hafsjó plágunnar *fyrir augum hans* án þess hann gæti hreyft hönd eða fót til bjargar. Einu sinni enn fékk hann að standa ráðalaus á ströndinni, hryggur, vopnlaus og hjálparlaus andspænis þessu skipbroti. [...] Rieux skildi, að í þetta sinn var um úrslitaósigurinn að ræða, þann ósigur, sem bindur endi á stríðið og gerir sjálfan friðinn að ólæknandi sársauka.⁹⁰

Rieux áttar sig á því að það er engin lækning við dauðanum. Lokaósigurinn markar stund meðvitundarinnar, nú hefur verið skapaður meðvitaður dauði hjá Rieux og plágan er á bak og burt.

Í sögunni er einnig greint frá þýðingu plágunnar fyrir samfélagið í heild og hver tilgangur plágunnar hafði verið gagnvart því. Um meðvitund almennings segir: „Þeir vissu nú, að ef til er hlutur, sem menn alltaf geta þráð

⁸⁶ Sama rit, bls. 252.

⁸⁷ Sama rit, bls. 196.

⁸⁸ Sama rit, bls. 252.

⁸⁹ Sama rit, bls. 252.

⁹⁰ Sama rit, bls. 258. Leturbreyting mín.

og stundum öðlazzt, þá er það mannleg ástúð. Allir þeir, sem á hinn bóginn höfðu leitað út fyrir manninn að einhverju, sem þeir vissu ekki hvað var, fengu ekkert svar.⁹¹ Sá hryllilegi aðskilnaður og einangrun sem plágan hafði valdið vakti fólk til meðvitundar um þýðingu mannlegs kærleika. Tilgang plágunnar er því að finna í hinu mannlega. Engin svör er að finna í yfirskilvitlegum útskýringum trúarbragða eða kreddubundinni vísindahyggi. Allt sem er eftir þegar dauðinn ber að dyrum er hið mannlega.

Í lok plágunnar eru þó blikur á lofti, Grand hefst aftur handa við að reyna að skrifa fullkomnu setninguna sína og almenningur neitar plágunni og telur að fullnaðarsigri hafi verið náð. Sigrihrósandi hverfa íbúarnir aftur á vit andlausa hversdagslífsins og halda aftur „að þeim [séu] allir vegir færir [...], að plágur gætu ekki átt sér stað“.⁹² Þeir neita að minnast plágunnar og missa þannig meðvitundina um dauðann á ný. Það sem þeir ekki vita er að „sá dagur kann að koma mönnum til ógæfu og lærdóms, að drepsóttin vekki upp rottur sínar og sendi þær til að deyja í einhverri hamingjusamri borg“.⁹³

Þannig sýnir Camus í *Plágunni* hvernig ómeðvitað samfélag bregst við hinum óumflýjanlega dauða þegar hann nálgast. Náðin við endalokin knýr fram neikvæð viðbrögð hjá slíku samfélagi og það umturnast í annars vegar alræðissamfélag og hins vegar samfélag taumlausra nautna. Þeir sem berjast gegn dauðanum réttlæta harðræði en þeir sem gefast upp gagnvart honum fyllast tómi og sökkva í nautnir. Hvort tveggja leiðir til samfélags dauðans. Samfélagið verður heltekið af plágunni. Loks horfast menn í augu við dauðann og vakna til meðvitundar um það sem skiptir raunverulegu máli fyrir lífið, „mannleg[a] ástúð“,⁹⁴ þá er dauðinn sigraður og meðvitundinni náð. Hægt er að skapa meðvitaðan dauða og lifa fyrir lífið sjálft þrátt fyrir að slík meðvitund gleymist í lok sögunnar og varnaðarorð hennar bendi til þess að samfélagið muni hrekjast frá þessari martröð til þeirrar næstu.⁹⁵

⁹¹ Sama rit, bls. 268.

⁹² Sama rit, bls. 36.

⁹³ Sama rit, bls. 276.

⁹⁴ Sama rit, bls. 268.

⁹⁵ Í greiningu John Foley á *Plágunni* túlkar hann söguna fyrst og fremst sem baráttu við fjarstæðuna og nauðsyn þess að vera meðvitaður um hana í stað þess að afneita henni þar sem slíkt mun aðeins auka á þjáningarnar af völdum hennar. (John Foley, *Albert Camus*, bls. 52). Ég hef hins vegar lagt áherslu á hugmyndir Camus um dauðann. Vissulega eru fjarstæðan og dauðinn nátengd í heimspeki Camus en eins og ég hef lýst þá vaknar fjarstæðan vegna vitneskju mannsins um dauðleika sinn en viðbrögðin og baráttan sem maðurinn grípur til er baráttan við dauðann sjálfan fremur en við tilfinninguna sem dauðleikinn vekur, það er að segja mannum er ljóst að dauðinn er rót fjarstæðunnar og þar með er baráttan háð á vettvangi dauðans. Maðurinn er

Niðurlag

Nú á tímum bókstaflegrar plágu – Covid-19 heimsfaraldursins – getum við staldrað við *Pláguna* eftir Camus og velt því fyrir okkur hvaða þýðingu hún hefur fyrir nútímann. Plága dagsins í dag er form dauða sem hefur vakið viðbrögð í formi algjörRAR baráttu og algjörRAR uppgjafar. Harðra takmarkana á frelsi og líf fólks og opinna samfélaga þar sem sóttin hefur fengið að breiðast óhindrað út með afdrifaríkum afleiðingum. Hins vegar er þessi bókstaflega hliðstæða ekki kjarni sögunnar og ekki sá hluti hennar sem ég tel að geti veitt okkur hvað mestan skilning á ástandi nútímans. Kraftur sögunnar felst í þeirri heimspeki sem hún birtir og þeirri hugmyndafræði sem dregin var fram með því að varpa ljósi á heimspeki Camus um dauðann. Nútíminn er fullur af slíkum stundum dauðans þar sem plágur herja á okkur. Einn sífellt sýnilegi dauði sem nú er á vegi okkar er til að mynda hlýnun jarðar. Hugsa má loftslagsbreytingar sem sams konar dauða og pláguna. Þeim gríðarstóra vanda fylgir allt það sem Camus beinir sjónum okkar að, fjarstæðan, sjálfsmorðið, uppreisnin og morðið. Algjör baráttu, algjör uppgjöf, meðvitundarleysi og afneitun. Heimspeki Camus getur tekið á þessum heimspekilegu vandamálum sem fylgja loftslagsbreytingum og ef til vill getur sú áhersla sem Camus leggur á meðvitundina um dauðann hjálpað okkur; það er hvernig er hægt að lifa í stanslausri baráttu við endalok sem virðast óhjákvæmileg án þess að fjarlægast raunveruleikann, mynda röklegan glæp eða fyllast algjöru vonleysi.

Dauðinn birtist nefnilega þegar endalokin nálgast og þá er meðvitundin ein það sem getur bjargað okkur frá hinni algjöru baráttu eða algjöru uppgjöf. Að skapa meðvitaðan dauða er það sem leysir kreppuna og vekur upp raunverulegt líf. Þessi meðvitund er pólitísk afstaða sem hafnar allri algildri hugmyndafræði án þess að sökkva í fen hlutleysis eða réttlæta ríkjandi ástand. Hún krefst þess að horft sé til mannegra gilda en ekki í krafti hugmyndar um endalega lausn heldur endalausrar baráttu. Meðvitundin er það sem gerir uppreisnina mögulega og í raun það eina sem getur raunverulega þokað okkur áfram. Uppreisnin finnur alltaf rót sína í baráttunni fyrir tilvist og einingu, mennsku og ást. Það var þessi uppreisn sem batt enda á drep-sóttina í *Plágunni* og mögulega getum við nýtt okkur þessa afstöðu til að enda plágur nútíðar og framtíðar.

Í baráttu sinni vissulega að reyna að losna undan fjarstæðunni en sú barátta tekur á sig þá mynd að leitast við ódauðleika eða hreinlega gefast upp gagnvart honum. Ég tel því mikilvægt að leggja áherslu á dauðann til þess að ná utan um hvers vegna baráttan tekur á sig þær myndir sem birtast okkur í *Plágunni* og hvernig þær hugmyndir kallast á við hugmyndir Camus um baráttuna í *Uppreisnarmanninum* og *God-sögninni um Sisyfos*.

ÚTDRÁTTUR

Skáldsaga Albert Camus, *La Peste (Plágan)* segir frá samfélagi þar sem drepsótt brýst út. Sagan á sér stað í alírsku borginni Oran og hverfist um lækinn Rieux og samstarfsmenn hans sem berjast með öllum tiltækum ráðum gegn plágunni. Drepsóttin sækir þó sífellt í sig veðrið og verður þúsundum að bana áður en yfir lýkur. Dauðinn gegnir lykilhlutverki í heimspeki Camus en í greininni verður leitast við að draga saman umfjöllun hans um dauðann í nokkrum lykilverkum hans til að varpa ljósi á ákveðna heildarkenningu sem býr þar að baki. Jafnframt er því lýst hvernig kenningin tekur á sig mynd í skáldsögunni *Plágan* og hvernig sagan dregur fram þætti sem eru mikilvægir til að útskýra heimspeki Albert Camus.

Lykilorð: Albert Camus, *Plágan*, *Goðsögnin um Sisyfos*, *Uppreisnarmaðurinn*, meðvitund, uppreisn, fjarstæðan, dauðinn, tilvistarspeki, heimspeki.

ABSTRACT

„to diminish the distance that separates us from the world“

The Plague and the conscious death of Albert Camus

The novel *The Plague* by Albert Camus tells the story of a society where a deadly epidemic breaks out. The story takes place in the Algerian city of Oran and revolves around the doctor Rieux and his collaborators who fight the plague by all manner of means. However, the plague continues to spread, and thousands lose their lives before it ends. Death plays a key role in Camus' philosophy and in the article, the aim is to summarize his discussion of death in several of his key works in order to shed light on the overall theory behind it. Furthermore, it is described how the theory takes shape in the novel *The Plague* and how the story outlines aspects that are important for explaining Albert Camus' philosophy.

Keywords: Albert Camus, *The Plague*, *Myth of Sisyphus*, *The Rebel*, consciousness, revolt, the absurd, death, existentialism, philosophy.

JÓN BRAGI PÁLSSON

MA í heimspeki

JBP@HI.IS